

KB lögmannsstofa  
Kristinn Bjarnason hlr.  
Lágmúla 7  
108 REYKJAVÍK

2007010059  
7505; 9310

Reykjavík, 17. janúar 2007  
/--

### **Efni: Breyting á efnistöku úr Hamborgarmelum, Fljótsdalshreppi. Ákvörðun um matsskyldu**

Vísað er til erindis KB lögmannsstofu ehf., fyrir hönd eigenda Hamborgar, Fljótsdalshreppi, dags. 5. og 10. janúar 2007 þar sem tilkynnt er til Skipulagsstofnunar aukning efnistöku, úr allt að 200.000 m<sup>3</sup> í allt að 240.000 m<sup>3</sup>, úr námu á Hamborgarmelum í Fljótsdal, Fljótsdalshreppi. Í erindinu er óskað ákvörðunar Skipulagsstofnunar um það hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13a í 2. viðauka laganna.

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að nýta allt að 40.000 m<sup>3</sup> af jarðefni úr Hamborgarmelum (Bessastaðaármelum) til viðbótar við allt að 200.000 m<sup>3</sup> sem þegar hafi verið tilkynnt um skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Vísað er til uppdráttar, unninn af KEJV fyrir Landsvirkjun og tölvupósts Einars Erlingssonar, Landsvirkjun, er barst með bréfi Fljótsdalshrepps, til Skipulagsstofnunar, dags. 13. desember 2006. Á uppdrættinum eru m.a. sýnd mörk vinnslusvæðisins eins og þau voru í námunni í nóvember 2006, áætlaðar framtíðarútlínur námunnar og mörk verndarsvæðis vatnsbóls Skriðuklausturs og verndarsvæði réttarinnar. Ráðgert sé að vinnslusvæðið stækki um u.þ.b. 0,6 ha, skv. uppdrættinum. Gert er ráð fyrir að frágangi verði hagað í samræmi við það sem áður hefur verið greint frá, við ákvörðun um matsskyldu 2005, þ.e. námustálið fellt niður, botn námunnar jafnaður þannig að landhalli verði nokkuð jafn til austurs og efni sem ýta þarf ofan af námunni jafnað yfir námubotninn í um 30 - 50 sm þykku lagi. Efnistakan verði meðfram brún melsins en skv. rannsóknnum virðist gæði efnis vera mest á skilgreindu efnistökusvæði og gert sé ráð fyrir að vinna námuna niður í um 25 m.y.s sem sé nokkurn veginn hæðin á óröskuðu landi umhverfis melinn.

Í framlögðum gögnum kemur fram að samkvæmt Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014 er gert ráð fyrir allt að 250.000 m<sup>3</sup> efnistöku úr námu á Hamborgarmelum .

Í fyrirbyggjandi gögnum í tilkynningu um matsskyldu árið 2005 kemur fram að fyrirhugað námusvæði sé jafnhallandi melur til austurs að Jökulsá í Fljótsdal, með nokkrum grunnum lænum. Melurinn sé gróinn algengum þurrlendis- og melagróðri, í lænunum sé gróðurþekjan þéttust, en að hvorki hafi fundist þar mjög sjaldgæfar eða friðlýstar tegundir né tegundir á valista. Gert sé ráð fyrir að áhrif stækkunarinnar á umhverfið felist einkum í hávaða, sandfoki og rykmyndum. Hingað til hafi einkum borið á sandfoki úr efnishaugum og námubotni í hvassviðri þegar vinnsla liggja niðri, en ekki hafi kvartanir borist vegna þessa. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps benti á að um sé að ræða svæði sem þegar hafi verið nýtt til umfangsmikillar efnisvinnslu og því sé ekki um breytta landnotkun að ræða. Vakin var athygli á því að huga þurfi að nálægð námusvæðis við Melarétt sem sé í eigu sveitarfélagsins og vatnsból og fjárhús í eigu Skriðuklausturs.

Skipulagsstofnun vísar til þess að fyrir liggja ýtarleg gögn og umfjöllun um matsskyldu aukinnar efnistöku úr námunni, úr 100.000 m<sup>3</sup> í 200.000 m<sup>3</sup> frá árinu 2005. Þar á meðal eru umsagnir Fljótsdalshrepps, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Landbúnaðarráðuneytis og Umhverfisstofnunar þar sem fram kom að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps benti á að huga þyrfti að nálægð framkvæmdasvæðisins við Melarétt og vatnsból og fjárhús á Skriðuklaustri. Umhverfisstofnun benti á að aukin efnistaka úr námunni muni fyrst og fremst hafa sjónræn áhrif í för með sér. Unnt verði að draga verulega úr þessum áhrifum með því að fella efnistökusvæðið eins og kostur sé að lögun melsins. Halda ætti efnistöku áfram við frambrún melsins og huga að aðlögun námubotns að óröskuðu landi utan námunnar, en þar sé um nokkurn hæðarmun að ræða. Stofnunin telji ekki líklegt að aukin efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér ef dregið verði úr sjónrænum áhrifum í samræmi við framangreindar ábendingar eins og kostur er.

Skipulagsstofnun telur í ljósi fyrri umfjöllunar árið 2005, fyrirbyggjandi niðurstöðu um að sú framkvæmd skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum og eðlis og umfangs þeirrar breytingar á efnistöku sem nú er kynnt að ekki sé nauðsynlegt að afla nýrra gagna skv. 11. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um vinnslu þeirra 40.000 m<sup>3</sup> sem hér um ræðir.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða breytingu á efnistöku úr Hamborgarmelum/Bessastaðaármelum, Fljótsdalshreppi úr allt að 200.000 m<sup>3</sup> í allt að 240.000 m<sup>3</sup>. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð efnistaka úr Hamborgarmelum/Bessastaðaármelum muni ekki hafa veruleg áhrif á ásýnd svæðisins verði verktilhögun og frágangur með þeim hætti sem gengið var út frá í ákvörðun stofnunarinnar um matsskyldu þann 23. ágúst 2005 og þess er fram kemur í fylgiskjölum bréfs Fljótsdalshrepps dags. 13. desember 2006. Gert var ráð fyrir að lækka námusvæðið niður í allt að 25 m.y.s., jafna afytingarefni yfir námubotninn, afvatna námuna til suðurs og sá í raskað svæði í samráði við námueiganda. Stofnunin telur að í framlögðum gögnum sé tekið tillit til nálægðar framkvæmdasvæðisins við Melarétt, vatnsból og fjárhús Skriðuklausturs eins og Fljótsdalshreppur hefur lagt áherslu á og sjónrænna áhrifa sem Umhverfisstofnun hefur lagt áherslu á.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu KB lögmansstofu ehf., f.h. landeigenda Hamborgar, við tilkynningu og haft hliðsjón af ákvörðun stofnunarinnar um matsskyldu breytingar á efnistöku úr Hamborgarmelum/Bessastaðaármelum dags. 25. ágúst 2005. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á efnistöku úr Hamborgarmelum/Bessastaðaármelum í Fljótsdalshreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fljótsdalshrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og landeigendur, sem framkvæmdaraðili, þurfa að leggja fram áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd til Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 19. febrúar 2007.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit. Umhverfisráðuneytið, Fljótsdalshreppur, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Landbúnaðarstofnun-veiðimálastjórn og Umhverfisstofnun.  
Fylgiskjöl: Tilkynning KB lögmansstofu ehf. dags. 5. janúar 2007. Tölvupóstur Einars Einarssonar, Landsvirkjun, dags. 12. desember 2006 og meðfylgjandi teikning KEJV af námu í Bessastaðaármelum.